



# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/289*  
*komudagur 1.11.2012*

Reykjavík, 01.11.2012  
Tilv. 90.13  
JS/mþ

## **Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna breytinga á Stjórnarráði Íslands, 141. löggjafarþing 2012-2013, 214. mál**

Vísað er í erindi Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis dags. 24. október 2012 um ofangreint málefni.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við fyrirleggjandi I. Kafla frumvarp og snúa sérstaklega að Hafrannsóknastofnuninni og breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum:

1. Til samræmis við aðra liði frumvarpsins ætti í 13. gr. laganna, 1. málsg. að standa "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra" í stað "Sjávarútvegsráðherra".
2. Með niðurfellingu 11. gr. núverandi laga hverfur stjórn stofnunarinnar, en í stað hennar verður skipuð ráðgjafarnefnd (sbr. 15. gr.) með fulltrúum tveggja ráðuneyta, útvegsmanna og sjómanna. Eðlilegt er að til álita komi að bæta við fulltrúa starfsmanna í samræmi við fyrra fyrirkomulag þegar starfsmenn áttu fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.
3. Í samræmi við nýja 18. gr. a skal starfa sérstök samstarfsnefnd ráðuneyta um mótun langtíma nýtingarstefnu. Hér er um mikilvæga nýjung að ræða. Reynslan hefur hins vegar sýnt að við mótun slíkrar stefnu er mikilvægt að aðilar í atvinnugreininni komi virkt að þessu starfi svo sem mest sátt ríki um niðurstöðuna. Þess vegna er athugunar vert hvort ekki sé í lagasetningu kveðið á um aðkomu atvinnugreinar að þessum þætti, annað hvort með formlegri skipan í samstarfsnefnda eða með samráðsferli aðila sem kveðið væri á um í lögum.

Heimilisfang:  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

Sími:  
575-2000  
Póstfax:  
575-2001

Heimasíða:  
[www.hafro.is](http://www.hafro.is)

Tölvupóstfang:  
[hafro@hafro.is](mailto:hafro@hafro.is)

## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

4. Í athugasemdum við I. Kafla frumvarps segir varðandi mótun langtíma nýtingarstefnu að þar sé við átt að leggja "línur um hvernig nýta skuli og byggja upp mismunandi nytjastofna, þar sem sjálfbærni verður ávallt höfð að leiðarljósi, og taka þar jöfnum höndum tillit til líffræðilegra, hagrænna og félagslegra þátta". Ekki er að fullu ljóst hvað átt er við með "jöfnum höndum". Undirstrikað skal að Hafrannsóknastofnunin lítur svo á að við mótun stefnu sé litið til hagrænna jafnt sem félagslegra þátta, en ávallt haft í fyrirrúmi að nýtingin sé sjálfbær í líffræðilegu tilliti og að stofnum lífvera sé ekki stefnt í hættu þó ekki þurfi að miða við að halda öllum stofnum í mögulegu hámarki.

5. Að lokum væri tækifæri við endurskoðun þessa lagabálks að sleppa ákveðnum greini í heiti stofnunarinnar svo nafn hennar verði ekki Hafrannsóknastofnunin heldur Hafrannsóknastofnun, sem er nokkuð þjálá.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson